

Nefndarsvið Alþingis  
-Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjanesbæ, 15. nóvember 2012

Umsögn um þingskjal 3 – 3. mál á 141. löggjafarþingi. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 með síðari breytingum.

HS Orka hf. (HS) tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Samorku um frumvarpið.

HS Orka hf. telur að með frumvarpinu sé bætt úr annmörkum er voru á Lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sem m.a. lúta að meðferð valkosta sem flokkast í biðflokk. Á þessa annmarka benti HS Orka hf í umsögn sinni frá 11.11. 2011. Nánar um frumvarpsgreinar:

1. gr.: HS Orka hf. telur að umorða megi viðkomandi málslið svo: „Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur einnig til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu ekki heimilaðar á viðkomandi svæði.


Að halda inni í lögnum ákvæði um umrædd svæði tæki af allan vafa um að þau verði einnig metin á vogarskálum verndar og nýtingar. Að öðru leyti er vísað til viðkomandi athugasemda með frumvarpinu.

2. gr.: HS Orka hf. styður greinina eins og hún er sett fram en telur að bæta eigi við 1. mgr. málslið sem opnar fyrir meðferð verkefnisstjórnar á viðkomandi valkosti þegar viðbótarupplýsinga hefur verið aflað. Það mætti t.d. gera með vísun til meðferðar skv. 2. mgr. 9. gr. Laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

3. gr.: HS Orka lýsir stuðningi við sérstaka grein sem tryggir tiltekinn farveg fyrir valkosti sem ekki hafa verið flokkaðir.

Greinar 4 – 7: HS Orka hf. gerir ekki athugasemdir við þessar greinar frumvarpsins en leggur áherslu á að reglur um störf verkefnisstjórnar verði skerptar, t.d. í reglugerð þar sem settar verði vörður til að tryggja gegnsæi í vinnubrögðum. Þar ætti að lágmarki að vera skilyrði um verklag sem tryggir rekjanleika erinda, meðferð þeirra og afgreiðslu. Mætti í þeim efnum vísa til árangursríka aðferðarfræði (verkfæri) verkefnisstjórnunar (t.d. PRINCE2).

Virðingarfyllst,



Júlíus Jónsson, forstjóri



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,  
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-  
og dreifingaraðilar raforku

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

14. nóvember 2012

**Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, með síðari breytingum, 3. mál**

Frumvarpið mælir annars vegar fyrir um breytingar á lögnum sem myndu einfalda leyfisveitingar til rannsókna á hugsanlegum orkunýtingarsvæðum sem raðað hefði verið í biðflokk eða ekki verið tekin umfjöllunar í verkefnisstjórn, og heimila flokkun kosta á svæðum sem hlotið hafa einhvers konar friðlýsingu. Þarna er um að ræða afar mikilvægar breytingar enda núgildandi lagarammi allt of þröngur hvað varðar slíkar rannsóknarheimildir varðandi t.d. orkukosti í biðflokki. Á meðan ekki er heimilt að stunda nauðsynlegar rannsóknir verður aldrei hægt að færa tiltekna orkukosti úr biðflokki, þar sem þeim hefur þá verið raðað í ljósi skorts á upplýsingum. Þá var útilokun allra svæða sem hlotið hefðu einhvers konar friðlýsingu (nema sérstaklega væri tekið fram að orkurannsóknir væru heimilaðar) eftirábreyting á starfi verkefnisstjórnar sem fullkomlega eðlilegt er að dregin verði til baka, enda afar misjafnar forsendur fyrir slíkum friðlýsingum.

Hins vegar mælir frumvarpið fyrir um að verkefnisstjórn verði kölluð saman á ný og henni falið að flokka orkukosti í nýtingar-, bið- og verndarflokka sem skili tillögum sínum til ráðherra fyrir áramót. Ráðherra muni síðan ávallt leggja flokkun verkefnisstjórnar óbreytta fyrir Alþingi í formi þingsályktunar. Samorka hefur lagt áherslu á að faglegum tillögum verkefnisstjórnar verði fylgt í hvívetna, þótt samtökin hafi ekki beinlínis lagt til að verkefnisstjórninni verði falin umrædd flokkun. Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi, þar sem fyrir liggur önnur tillaga til þingsályktunar (89. mál) þar sem mjög mikið hefur verið vikið frá niðurstöðum faglegrar vinnu verkefnisstjórnar telur Samorka þessa breytingu vera mjög mikið til hins betra, þótt önnur hugsanleg leið hefði verið að þingið tæki einfaldlega ákvörðun um það hvar draga bæri línurnar milli flokka, úr endanlegri röðun verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í skýrslu hennar). Aldrei getur orðið sátt um þá leið sem lögð er til í 89. þingmáli.

Samorka styður því að frumvarpið verði samþykkt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri